

26. apríl 2016

Skólaráð Varmárskóla

Aukafundur

Fundur settur kl. 9.20.

Mætt: Þórhildur, Guðbjörg, Margrét Gróa, Jón, Alexander, Þóranna, Hafdís.

1. Brúarland

Þórhildur fór yfir nýjustu teikningar af Brúarlandi. Lóðin fyrir Brúarland var skoðuð. Hún verður afgirt og veggir settir upp til að tryggja hljóðvist. Kynningarefni um útibúið í Brúarlandi er á heimasíðu skólans. Alexander ræddi um loftræstingu í húsnæðinu og fram kemur í skýrslu Mannvits að hana þarf að bæta. Umhverfissvið hefur gert ráð fyrir því og verður gengið frá því áður en skólastarf hefst.

2. Skólaþing 3.mái

Farið yfir hugmynd að dagskrá og efni rætt. Ákveðið að kalla þetta opinn fund og selja dagskrána betur. Þessi fundur er hluti af verkefnum skólaráðs sem ber að halda einn opinn fund á ári fyrir skólasamfélagið.

3. Foreldrakönnun – niðurstöður

Kynning á helstu niðurstöðum. 89,3% svarhlutfall foreldra í Varmárskóla. Foreldrar Varmárskóla virðast óánægðari en landsmeðaltal, en spurning hvort það er marktækur munur.

Mikill mismunur á svörum foreldra og nemenda, þ.e. að foreldrar eru neikvæðir meðan að nemendur eru mjög jákvæðir samkvæmt könnun Skólaþingsins. Foreldrar ósáttir við stjórnun skólans, starf frístundasels, frímínútnagæslu, mötuneyti, en fleiri skráðir í mötuneytið hér en annars staðar. Fólk ekki upplýst um stefnu skólans og námskrá. Þá finnst foreldrum heimavinna of mikil.

4. Starfsáætlun

Er á heimasíðu skólans. Mikilvægt að dagsetja skýrsluna þegar hún er endurskoðuð. Fundarmenn lesa yfir starfsáætlun fyrir næsta fund. Koma með athugasemdir á næsta fundi.

Fundi slitið kl. 9.47

Þórhildur Elfarsdóttir